




# Skólanámskrá 2025

Leikskólinn Klambrar 2025  
Háteigsvegur 33  
105 Reykjavík

[Klambrar@reykjavik.is](mailto:Klambrar@reykjavik.is)

## Innihald

Inngangur .....	4
Saga Klambra .....	5
Hlutverk Klambra .....	6
Hugmyndafræði og sýn leikskólans .....	8
Uppeldissýn Klambra .....	8
Námsleiðir barna .....	10
Starfshættir .....	15
Leikurinn .....	22
Grunnþættir menntunar og náms svið leiksskóla eiga að: .....	22
Leikur yngstu barnanna .....	24
Námsvið .....	25
Læsi .....	25
Sjálfbærni .....	28
Heilbrygði og velferð .....	29
Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti .....	32
Sköpun .....	34
Menning – samstarf við nærumhverfi .....	38
Sérkennsla .....	40
Samstarf við foreldra .....	42
Innra og ytra mat .....	45
Mat á leikskólastarfinu .....	45
Mat á þroska og líðan barna .....	48
Mannauður og forystusýn .....	51
Starfslýsingar .....	52
Umsögn foreldraráðs .....	54





*„Sköpun er margslungið ferli sem í grunninn byggist á forvitni, skapandi og gagnrýnni hugsun en líka á þekkingu, frumkvæði og leikni. Sköpun nær flugi þar sem áskoranir eru fjölbreyttar, spurningar eru opnar, lausnir margar og áhersla er lögð á framkvæmdina og sýnileika hennar. Í gegnum sköpunarferlið verður til eitthvað sem hefur gildi fyrir barnið sjálft, næsta umhverfi og/eða samfélagið“*

(Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2024)

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST



# Inngangur

Vinna við námskrá leikskólans hefur verið stöðug frá stofnun leikskólans 2002. Gerð var endurskoðun á námskránni samhliða nýrri útgáfu aðalnámskrá leikskóla 2011 þar sem fundað var með starfsfólki, foreldrum og börnum um gildi og áherslur.

Samhliða nýrri aðalámskrá 2013 var fyrsta skriflega skólanámskrá Klambra gefin út, önnur útgáfa var gefin út í framhaldi árið 2016. Endurskoðun á námskránni fór af stað árið 2023 samhliða breytingum sem gerðar voru á aðalnámskrá. Skólanámskráin tekur einnig mið af menntastefnu Reykjavíkurborgar, barnasáttmála sameinuðupjóðanna og laga um farsæld barna.

Þess má geta að námskráin er lifandi skjal sem er í stöðugri þróun. Starfsmenn hafa tekið þátt í að þróa og breyta námskránni, foreldrar hafa verið með í vinnslu skjalsins auk þess sem börnin hafa lagt til teikningar og sagt hvað þeim finnst kennarar eigi að gera.



# Saga Klambra

Leikskólinn var opnaður í maí 2002 og er til húsa á jarðhæð stúdentagarða Bandalags námsmanna við Háteigsveg. Klambrar er fjögurra deilda leikskóli

sem í eru um það bil 75 börn frá eins árs til sex ára. Deildirnar heita Hlið, Holt, Tún og Teigur og eru einn til tveir árgangar á hverri deild. Leikskólinn er rekinn af Reykjavíkurborg.



Skipulag leikskólans er þannig að komið er inn í sameiginlegt fataherbergi sem gengið er inn í frá leikskólagarðinum. Í miðju leikskólans er stórt sameiginlegt rými og út frá því eru deildirnar fjórar. Sameiginlega rýmið nýtist sem matsalur á matmálistímum, salur fyrir vinafundi og sameiginlegar uppákomur leikskólans, listasmiðja fyrir allar deildir, kubbasvæði fyrir eldri deildirnar og leiksvæði fyrir yngri deildirnar.

Leikskólagarðurinn er afgirtur og þar eru tilbúin leiktæki, skógur, drullumallsvæði, grassvæði og hóll en draumur okkar er að gera garðinn að náttúrulegu útisvæði fyrir börnin að leika sér í. Garðurinn var endurnýjaður á árunum 2023-2024.

Næstu kennileiti leikskólans eru Sjómannaskólinn og Háteigskirkja og hafa turnarnir í kring skilað sér í hönnun hússins sem leikskólinn er í. Vatnshóllinn við hlið leikskólans sést frá leikskólagarðinum og er uppspretta ævintýra og leikja og þaðan er útsýni yfir borgina og víðar.

Svæðið vestan við Sjómannaskólann, sem eru gamlir saltfiskreitir, kalla börnin eldfjallið og er það menningarverðmæti sem börnin á Klömbrum kunna að meta. Þar er líka náttúrulegt holt þar sem börnin fá góða æfingu í að ganga í þúfum, grjóti og ýmsu ójöfnu undirlagi. Þó svo afgirta leiksvæðið okkar sé ekki stórt þá er Klambratún í næsta nágrenni og þar hafa börnin stórt svæði til að hlaupa um, leika sér og klifra í trjám.



# Hlutverk Klambra

Klambrar starfa samkvæmt lögum um leikskóla (Lög um leikskóla, nr. 90/2008) og aðalnámskrá leikskóla (Mennta-og menningarmálaráðuneyti, 2023). Starfið á Klömbum einkennist helst af sköpun og gleði.



Klambrar sækja uppeldiskenningar sínar til bandaríska heimspekingsins og menntafrömuðarins Johns Dewey um lýðræði í leikskólastarfi. Í samræmi við heimspeki hans skuldbinda kennarar á Klömbum sig til að auðga reynsluheim barnsins með því að spyrja opinna spurninga og hvetja þau til að prófa, komast að niðurstöðu, efast og prófa aftur. Börn eru virk og skapandi í eðli sínu, þau undrast og læra af reynslunni að þekkingu sína og takmörk. Menntunin felst í ferlinu en ekki afurðinni.

Allt starf á Klömbum á að leiða til þess að börnin finni hamingju í verki, efla færni sína við að taka ákvarðanir og byggja á sínum eigin styrkleikum.



Einnig leggjum við okkur fram um að skilgreina það sem við gerum, ræða saman um ólíkar leiðir og að prófa skólastarfið. Við vitum að við lærum best með því að hlusta hvert á annað og taka vel í hugmyndir samstarfsmanna okkar, kynnast samfélaginu sem við búum í og læra um það gamla til að öðlast skilning á því nýja. Við leitumst við að fá raddir foreldra í leikskólann, bæði með því að hvetja þá til þátttöku, bjóða þeim sérstaklega í leikskólann og viðhalda skipulögð foreldrasamtöl.

## Einkunnarorð Klambra

„Klambra andinn“

### **Starfsgleði og jákvæðni**

Við sköpum börnunum gleðiríkt umhverfi þar sem þau finna starfsgleði sína í leiknum. Kennarar skuldbinda sig til þess að vinna að því af heilum hug að björtu hliðarnar ráði ríkjum til þess að nám barnanna verði þroskandi, gefandi og skemmtilegt.

### **Gagnrýnin og skapandi hugsun**

Við bjóðum börnunum upp á leikefni sem gefur þeim tækifæri til þess að njóta meðfæddra hæfileika sinna til þess að skapa leikinn sjálf. Því er lítið um hefðbundin leikföng sem fela í sér fyrirfram gefnar lausnir.

### **Öryggi og traust**

Umhverfi leikskólans er skapað þannig að börnin finni til öryggis. Einstaklingurinn fær að njóta sín innan hópsins og kennarinn fylgist grannt með þörfum og líðan hvers barns. Gagnkvæm virðing og traust ríkir á milli heimilis og skóla.

# Hugmyndafræði og sýn leikskólans

Hlutverk leikskóla er að veita leikskólabörnum umönnun, uppeldi og menntun í samvinnu við foreldra. Hugmyndafræði Klambra byggist á uppeldiskenningum bandaríska heimspekingsins og menntafrömuðarins, John Dewey (1859-1952). Starfsaðferðir leikskólans eru m.a. sóttar til uppeldisfræðingsins Caroline Pratt (1867-1954) en hún er höfundur einingarkubbanna sem eru eitt helsta náms- og kennsluefni leikskólans.

## Uppeldissýn Klambra

Í leikskólanum Klömbrum er unnið með þrjú megingildi:

- Á Klömbrum eru hamingjusöm börn sem eru fær um að taka ákvarðanir.
- Á Klömbrum vinna börn út frá styrkleikum sínum.
- Kennarar á Klömbrum gæta þess að sköpunarkraftur barnsins fái að njóta sín og þeir tryggja að hvert barn fái næði til að uppgötva lausnir. Það er ekki fyrir fram ákveðið hver útkoma leiks eða verkefnis á að vera.



Barnið sem er á Klömbrum ræður sjálft hvað það vill læra og hlutverk kennarans er að styðja við áhugsvið barnsins og gefa öllum börnum kost á að njóta þess að vera í hópi jafningja. Félagsþroski, gagnvirk samskipti, uppbyggileg samræða og miðlun upplýsinga á sér stað allan leikskóladaginn í leik barnanna.

# Klambra-liðsheildarandinn

- Við trúum á getu barna því þau eru hugmyndarík og skapandi
- Við erum samstíga í hugmyndafræði, stefnum og reglum
- Við höfum faglegan metnað og gerum alltaf okkar besta
- Við sýnum virðingu og traust og vöndum samskipti okkar á milli
- Við erum yfirveguð og höfum úthald til að ljúka verkefnum
- Við tökum öll ábyrgð og aðhyllumst jafnrétti og lýðræði
- Við leggjum áherslu á stafsgleði, lausnamiðaða hugsun og sveigjanleika
- Við höfum stöðugt og gott upplýsingastreymi
- Við þiggjum og gefum uppbyggilega gagnrýni og hrós
- Við tölum vel um hvert annað og vinnustaðinn okkar
- Við gerum margt skemmtilegt saman utan vinnu
- Við hjálpum, hvetjum og styðjum
- Við erum stolt af starfinu okkar





# Námsleiðir barna




Myndlist



Tónlist



Flæði





## Myndlist

„**Sköpun** er margslungið ferli sem í grunninn byggist á forvitni, skapandi og gagnrýnni hugsun en líka á þekkingu, frumkvæði og leikni. Sköpun nær flugi þar sem áskoranir eru fjölbreyttar, spurningar eru opnar, lausnir margar og áhersla er lögð á framkvæmdina og sýnileika hennar. Í gegnum sköpunarferlið verður til eitthvað sem hefur gildi fyrir barnið sjálft, næsta umhverfi og/eða samfélagið

(Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2024)“.

### Áherslur 1-4 ára:

- Sjálfsmynd með skráningu
- Læra að halda á blýanti og pensli
- Kynnast skærum og klippa frjálst og líma
- Kynnast leir
- Kynnast prenti
- Formfræði, hringur, kassi, þríhyrningur
- Notum náttúrulegan efnivið í myndsköpun sem börnin safna sjálf
- Mála með óhefðbundnum og fjölbreyttum verkfærum
- Skapa og handfjatla með verðlausan efnivið



## Áherslur 4-6 ára:

- Sjálfsmýnd með skráningu
- Klippa frjálst og líma
- Þjálfá fínhreyfingar s.s. að klippa eftir línu og lita afmarkaðan flöt
- Blöndun lita með grunnlitunum gulur, blár og rauður
- Notum náttúrulegan efnivið í myndsköpun sem börnin safna sjálf
- Endurvinnna pappír og gera verk úr
- Mála með óhefðbundnum og fjölbreyttum verkfærum
- Skapa og handfjatla með verðlausan efnivið
- Kynnast prenttækni frekar
- Sameiginleg verkefni. byggð á hugmyndaflugi barnanna
- Fara á myndlistasýningu og vinna verkefni út frá því
- *Reggio* blóma verkefni
- Halda skissubók



## Tónlist

Tónlistarstarf er hluti af daglegu starfi inni á öllum deildum leikskólans. Auk þess kemur tónlistarkennari inn á hverja deild og sér um tónlistarstund með börnunum.



Áherslur á yngstu deildum:

- Læra ný lög með sérstaka áherslu á tákni með tali
- Einföld hrynbjálfun aðallega í gegnum söng
- Spila á og snerta hljóðfæri. Prófa sig áfram með nýja hljóðgjafa
- Styrkleika- og hraðabreytingar kenndar í gegnum leik

Áherslur á eldri deildum:

- Kynnast fjölbreyttri tónlist
- Hermileikir með hryni
- Grunnatriði í tónfræði, s.s. hraðabreytingar, styrkleikabreytingar, nótnaskrift
- Leikir með hljóðfæri

Tónlistarstundir geta verið með allri deildinni og í hópastarfi með færri börn í einu. Það er hlutverk tónlistarkennarans að meta svo hvað hentar hverjum hóp hverju sinni. Stundirnar eru byggðar upp á sama hátt þannig auðvelt er að bæta við kennsluna eða minnka ef þörf krefur. Unnið er með endurtekningu, forvitni og sköpunargleði.

Tónlistarkennari gerir einfaldar skráningar til að halda utan um kennsluna og til að sjá til þess að öll börn fái jafnan aðgang að tónlistarkennslu.



## Flæði

*„Sjálfsfelling felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Sjálfsfelling byggir á sjálfsaga og þrautseigju. Skýr og sterk sjálfsmynd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar, ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra. Sjálfstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, líðan, námsárangur og árangur í lífinu*

*(Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2024)“.*

Á hverjum föstudegi og þegar ekki er hægt að fara út þá er farið í flæði í leikskólanum. Þá eru opnaðar dyr elstu deildanna auk þess sem opnað er á milli yngri deilda. Flæði er þannig upp byggt að kennarar útbúa stöðvar með aðstoð barnanna, börnin geta svo flutt sig frá einni stöð til annarrar og valið þau verkefni þau vilja nota eða með hvað og hvar þau vilja leika sér. Þannig geta börn haft áhrif á nám sitt og námsframboð.



## Starfshættir

### Alls kyns uppbot á dagskrá

Reynt er að nýta hvert tækifæri til að gera sér dagamun. Haldið er upp á alla tyllidaga og unnið að verkefnum í tengslum við þessa tyllidaga.

Dæmi um slíka daga eru:

- Sjóræningjadagur
- Hrekkjavaka
- Þrettándinn
- Bóndadagur
- Konudagur
- Bolludagur
- Öskudagur



Þessi uppbot getum við tengt við læsis þátt menntastefnu Reykjavíkurborgar þar sem markmiðið með uppbotinu er að vinna að fjölbreyttari verkefnum og skapa þannig fleiri námstækifæri auk þess sem við teljum svona uppbot vera mikilvægan þátt í því að taka þátt í íslensku samfélagi og vita hvað er að í gangi í samfélaginu sem heild.



## Ferlimöppur

Frá upphafi leikskólagöngu barn á Klömbrum þá er safnað í möppu sem tilheyrir barninu. Í þessa möppu, sem gengur undir nafninu ferilmappa, er safnað ýmsum verkefnum sem barnið er að gera í leikskólanum eftir hverju þema fyrir sig sem breytist í hverjum mánuði. Þetta eru verkefni sem öll börn á hverri deild vinna og fara ekki heim fyrr en að barnið hættir í leikskólanum.

**Ágúst** –

**September** – Sjálfsmynd (haust)

**Október** – Pressa blóm og lauf

**Nóvember** – Stafurinn minn

**Desember** – Jólagjöf

**Janúar** – Flugeldamyndir

**Febrúar** – Ættartré

**Mars** – Mismunandi form (tangram)


**Apríl** – Margbreytilegir páskaungar

**Mái** – Sjálfsmynd (vor)

**Júní** – Dagblaðabátar


## Ótímasett verkefni

- Annáll – stutt samantekt á starfi vetrarins
- Myndir sem teknar eru af leikskólastarfinu
- Myndskráningar fyrir hvert barn (bókaormur, bangsi heim, afmæli)
- Myndskráningar fyrir hópinn (ferð á bókasafn/listasafn/tónlistarsafn o.þ.h.)
- Myndverk barnsins – sýnishorn af verkum barnsins





LÁTUM DRAUMANA RÆTAST



## Útivera

Reynt er að skipta hópum upp á öllum deildum þannig að það eru alltaf einhverjir sem fara út fyrir hádegi og einhverjir fara eftir hádegi. Lagt er upp með að fara út á hverjum degi þar sem í útiveru hafa börnin tækifæri á sjálfsprottnum leik ásamt því sem verið er að fara í skipulagðar vettvangsferðir eða gönguferðir á nágrenni leikskólans.

Í útiveru og vettvangsferðum læra börnin að lesa í umhverfi sitt og með því verða þau læs á mismunandi aðstæður. Þau fara að þekkja margvísleg tákni í umhverfinu og samfélaginu og tjá upplifun sína og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Útivistin býður upp á mörg tækifæri til samskipta og leiks sem eykur félagsfærni og styrkir sjálfsmynd.

*„Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Félagfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennnd og leiðtogaþæfni. Félagfærni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku, lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig verður barnið virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir“*


*(Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2024)*

Þegar barn kemur í leikskólann með foreldri sínu finna þau saman útiföt fyrir daginn og koma þeim þannig fyrir að þau séu aðgengileg fyrir barnið þegar það klæðir sig út. Börnunum líður vel í útiveru þegar þau geta farið í hrein og góð útiföt sem hæfa veðrinu hverju sinni.





LÁTUM DRAUMANA RÆTAST



## Einingakubbar (Unit blocks)

Leikur með einingakubba byggist á hugmyndafræðinni um opinn efnivið, þ.e. viðfangsefnið hefur ekki í sér neinar fyrirframgefnar lausnir heldur finnur barnið þær sjálf. Hönnuður kubbanna heitir Caroline Pratt. Einkunnarorð hennar var „sjálfsnám“. Börnin skapa frjálst, ein eða með öðrum.



*„Kubbaleikurinn er leikur þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín. Ef þurfa þykir geta starfsmenn og barn rætt lausnir með opnum spurningum og þannig er barnið leitt áfram til þess að finna sjálf lausnirnar. Starf með kubbum kemur inn á flesta námsþætti aðalnámskrá, t.d. stærðfræði, samfélagsfræði, félags- og tilfinningarþroska. Listir og fagurskyn, málþroska, líkamsþroska og vísindi. Í lok leiksins ganga börnin frá kubbum í hillur sem eru merktar með lögun kubbanna*

*(Rjúpnahæð, 2024)“.*



## Matstofan

Í leikskólanum Klömbrum er matstofa. Fyrirmynd matstofunnar er sótt til leikskólans Aðalþings í Kópavogi. Þess má þó geta að matstofa Klambra er þróunarverkefni sem er í stöðugri vinnslu og er í raun orðið sjálfstætt verkefni.

Öll börn borða í matstofu leikskólans bæði morgunmat, hádegismat og síðdegishressingu. Morgunmat er borin fram upp úr 8 á morgnanna og aðstoða börnin við að leggja á borð. Hádegismatur er milli 10:30 og 12:30. Borðþjónar af elstu deild aðstoða þá sem eru yngri við að hella í glös og þrifa ef eitthvað hellist niður. Síðdegishressing hefst klukkan 13:45. Börn eru hvött til að fá sér á disk, velja sér sæti og að ganga frá að mat loknum. Lögð er áhersla á að börn velji sér á diskinn sinn í þeim tilgangi að stuðla að jákvæðri upplifun á matartímum. Einnig er valdeflandi fyrir börn að fá að hafa áhrif á hvað þau borða, hvar þau ákveða að sitja og hve lengi þau vilja sitja til borðs.



## Leikurinn

„Leikur er lífstjning og órjúfanlegur þáttur bernskuáranna. Í leik lærir barn margt sem enginn getur kennt því. Mikið sjálfsnám felst því í leik, honum fylgir bæði gaman og alvara. Sjálfsprottinn leikur er námsleið ungra barna og skal því vera meginnámsleið í leikskóla. Leikur sem er sjálfsprottinn greinist frá öðru atferli í því að hann er leiddur af börnum; þau ákveða sjálf að leika, hvar og hvenær hann fer fram og um hvað þau leika. Þau semja reglur leiksins, skipuleggja upphaf, framvindu og lok hans. Með sjálfsprottnum leik er til dæmis átt við hlutverkaleik, byggingaleik og ærslaleik en þar þurfa börn að læra að setja mörk (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2023)“.

Grunnbættir menntunar og námssvið leiksskóla eiga að:

- Vera ánægjuleg og stuðla að vellíðan barna
- Stuðla að því að starf leikskóla einkennist af inngildandi hugarfari og starfsháttum
- Stuðla að uppbyggilegum samskiptum, vináttu og gleði
- Efla trú barna á eigin getu
- Stuðla að sterkri sjálfsmynd barna og þekkingu þeirra á eigin tilfinningum
- Stuðla að sjálfstæði, sjálfræði og frumkvæði
- Efla áhuga barna á námi og hvetja þau til að læra og auka þekkingu sína, leikni og hæfni
- Vera skipulögð í samvinnu barna, starfsfólks og foreldra
- Taka mið af mismunandi tjáningarmáta barna



Til að leikur barnsins geti talist frjálst þá þarf leikurinn að vera á forsendum barnsins. Í sjálfsprottna leiknum velur barnið leikfélaga og leikefni. Í leiknum gefst barninu tækifæri á að endurspeglu upplifanir með öðrum börnum í þeim tilgangi að dýpka eigin reynsluheim.

Í dagskipulagi leikskólans er gefin tími fyrir sjálfsprottin leik barna. Það er hlutverk kennarana að skapa aðstæður og námsumhverfi til að efla og dýpka leik barnanna. Það gerum við meðal annars með því að :

- skapa börnum tækifæri til að undrast,
- velja fjölbreyttar námsleiðir og vinnubrögð sem hvetja til skapandi og ígrundandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða hjá börnum,
- vera til staðar, taka þátt í leik barna, styðja við hann og kenna börnum að leika sér ef þess er þörf,
- velja fjölbreyttar námsleiðir og vinnubrögð sem hvetja til skapandi og ígrundandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða hjá börnum
- bera virðingu fyrir fjölbreyttum tungumálum og leita leiða til að styðja við móðurmál og virkt fjöltyngi í leik og daglegu starfi.



## Leikur yngstu barnanna

„Einn mikilvægasti þáttur í námi hvers barns eru tengsl þess við önnur börn og kennara. Í leik skapast vettvangur þar sem spurningar vakna og börn leysa vandamál sem upp koma, á eigin forsendum. Leikur yngstu barna leikskóla hefst með hreyfingu líkama, merkingasköpun þeirra fer þannig fyrst og fremst fram í gegnum líkamlegar athafnir. Smám saman verða félagsleg einkenni leiksins ljósari og talað mál meira áberandi. Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum meðal annars þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiðum annarra

(Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2024)“.



Markmið okkar á Klömbrum er að skapa ungum börnum öruggar aðstæður og rými til leiks, að vera til staðar og aðstoða börnin í þekkingarleit sinni. Unnið er með könnunarleikinn á yngstu deildinni ásamt því að gefa sjálfssprotna leiknum rými í dagskipulaginu.



## Nám svið

### Læsi

„Með **læsi** er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýninn hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og tákn. Í víðtækri merkingu vísar hugtakið einnig til læsis á ólíka miðla, umhverfi, hegðun og aðstæður. Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst með máluppeldi barna við fæðingu. Góð læsisfærni á íslensku er lykill að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi (Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2024)“.

Börn nota ýmsar aðferðir til að tjá sig og eiga samskipti við annað fólk, þau læra í gegnum leik og samskipti og þróa með því læsi í víðum skilningi. Opinn efniviður eins og

kubbornir bjóða upp á tækifæri til mikilla samskipta og samvinnu. Með þjálfun í samskiptum æfast börnin í að tjá sig með fjölbreyttum hætti og kynnst tungumálinu og möguleikum þess, auk þess sem þau verða læs á tilfinningar sínar og annarra. Börnin læra af samskiptum sínum hvert við annað í frjálsum leik og er læsi í víðum skilningi þar mikilvægur þáttur. Í því felst að geta skynjað, skilið, túlkað, gagnrýnt og miðlað talmáli, myndmáli, ritmáli, tölum og öðrum kerfum tákna. Það hjálpar börnum að lesa í umhverfið sitt og nota tungumálið á fjölbreyttan hátt. Við viljum rækta með markvissum hætti leikni barnanna til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í lýðræðissamfélagi og það gerum við með samræðu við aðra.



Í leikskólanum hlusta börnin á og semja sögur, ljóð, þulur, leikrit og ævintýri og öðlast skilning á því að ritað mál og tákni hafi merkingu.

- Á Klömbrum beitum við snemmtækri íhlutun til að bregðast við niðurstöðum greininga um málþroskaröskun og til þess að fyrirbyggja erfiðleika í þroska og námi.
- Við eflum samstarf við foreldra um læsi barna og skerpum á hlutverki þeirra í þjálfun barna til að efla hæfni til læsis.
- Við vinnum á markvissan hátt með bernskulæsi í leikskólanum á grunni læsisstefnu leikskóla.
- Við vekjum áhuga barna á læsi á fjölbreyttan hátt.

Unnið er með Gæðamálörvun í daglegu starfi sem er verkefni sem MML, miðja máls og læsis, hafa lagt fram til stuðnings við máltöku barna á leikskólum og til að hjálpa þeim ná betri tökum á málinu. Þetta verkefni er ekki síst mikilvægt hér á Klömbrum þar

sem fjölmeningin er mikil. Veggspjald frá MML er sýnilegt öllu starfsfólki inn á deildum þar sem allir eru hvattir til að temja sér þau vinnubrögð sem þar eru sett fram en þau eru:

- Settu orð á alla hluti og athafnir
- Endurtaktu oft
- Barn þarf að heyra rétt mál
- Farðu inn í leik barns eða barna
- Vertu í augnhæð barnsins
- Bíddu eftir viðbragði (svari) barns
- Endurtaktu og bættu við það sem barnið segir

Á Klömbrum viljum við leggja góðan grunn að bernskulæsi. Að því marki höfum við útbúið læsisstefnu sem að miðar að því að börnin öðlist áhuga á tungumálinu og þar sem að allt starfsfólk fylgist með framförum barnanna í málþroska. Málörvun er rauður þráður í gegnum allt starf leikskólans og kennarar leggja áherslu á að setja orð á allar athafnir, hluti og staði í nágrenninu og því sem þau eru að gera eða hafa verið að gera. Deildarstjórar setja markmið fyrir sínar deildir í samvinnu við annað starfsfólk og leikskólastjóra. Til viðbótar þessu er starfsfólk Klambra ávallt meðvitað um mikilvægi þess að lesa fyrir börnin, fjölbreyttar bækur um margvísleg efni. Reynt er eftir fremsta megni að svara jákvætt ef börn biðja um lestur og eru hvíldarstundir nýttar til þess á öllum deildum. Að auki eru bækur aðgengilegar á öllum deildum sem börnin grípa í þegar þau sjá lausa stund eða vilja rannsaka.



Á öllum deildum er leikið með orð og myndir. Börnin raða myndum til að búa til setningar og kennarar gæta þess að leggja orð á myndirnar. Börnin leika sér með bókstafi, þreifa á þeim, virða þá fyrir sér og leika sér að þeim. Þannig er hægt að leika með tungumálið á myndrænan og skemmtilegan hátt. Á öllum deildum nota börnin spil með bókstöfum, þau taka þátt þegar kennari merkir verk þeirra. Skráningarkerfið TRAS er notað til þess að halda utan um stöðu barna í málþroska. Þar svara kennarar tvisvar á ári spurningum sem varða mál- og félagsþroska barnanna. Þannig á að vera unnt að halda samræmda marktæka skráningu yfir öll börnin og gera það auðveldara að grípa snemma inn í ef grunur vaknar um frávik. Deildarstjóri er ábyrgur fyrir þjálfun allra starfsmanna og að efniviður sé aðgengilegur.

## Sjálfbærni

Sjálfbærni er hluti af ríkjandi hugsunarhætti og við horfum til uppeldisstarfsins og starfið á Klömbрум mótast af menntun til sjálfbærni, útinámi og vettvangsferðum.

Klambrakennarar skilgreina sjálfbærni sem nýtni og það að gera börnin virk og ábyrg fyrir verkefnum sem þau ráða við.

Við vinnum með umhverfið og

náttúruna, hringrás lífsins og endurnýtingu með umræðum, skynfæraleikjum, rannsóknum og jafningjafræðslu í daglegu starfi. Börnin læra þannig að ganga vel um náttúruna og fá tækifæri til að upplifa hana og njóta hennar. Þau nýta þann verðlausa efnivið sem til fellur í skapandi vinnu, t.d. í myndlist, hljóðfæragerð, ræktun og hverju



sem er. Það stuðlar að sjálfbærni og börnin átta sig á því að notkun er oft og tíðum val, þ.e.a.s. val um hvenær á að nota nýjan pappír og hvenær á að endurnýta, því það sem notað er klárast að lokum. Ýtt er undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barnanna. Þau eru hvött til að spyrja og leita mismunandilausna.

Sjálfbærni tengist fjölmörgum menningarlegum, félagslegum og efnahagslegum þáttum og er unnið með hana þvert á allt starf leikskólans. Hugmyndir um sjálfbærni í verki má finna í innkaupum leikskólans, vali á þeim efnivið sem nýttur er í sköpun og leik með börnum, umhverfismennt, endurvinnslu, jafningjafræðslu starfsfólks og fleiru.

- Rætt er um soun
- Við endurvinnnum
- Notum verðlausan efnivið í starfinu

## Heilbrigði og velferð

*„Undir **heilbrigði** falla meðal annars lífs- og neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan. Hugmyndir um heilbrigði hafa þróast með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama, náttúrulegu og félagslegu umhverfi og áhrifum efna og fæðu. Í hnotskurn má segja að sá einstaklingur sé heilbrigður sem hefur tileinkað sér heilbrigðan lífsstíl og öðlast hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði. Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi*

*(Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2024)“.*

Í leikskólanum er skemmtilegt og er það forsenda þess að börnin læri. Kennarinn sýnir hverju barni umhyggju, eflir sjálfstæði þess og öryggiskennd með því að byggja á styrkleikum barnsins. Hann þekkir getu hvers barns og hvetur það til dáða. Miklu máli skiptir að mynda góð og nán tengsl við börnin.

Við stuðlum að heilbrigði og vellíðan barnanna með því að byggja upp jákvæða sjálfsmynd þeirra og gott sjálfstraust ásamt því að efla með þeim góð samskipti og félagsleg tengsl. Jákvæð sjálfsmynd eflist við það að takast á við verkefni við hæfi og sjálfstraust eykst við það að barnið getur lokið við verkefni sín.

Sjálfsþing felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Sjálfsþing byggir á sjálfsaga og þrautseigju. Skýr og sterk sjálfsmynd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar, ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra. Sjálfsstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, líðan, námsárangur og árangur í lífinu.

Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til að hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annara og sýna öðrum góðvild og virðingu. Félagfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogahæfni. Félagfærni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku lýðræðislegu samstarfi þar sem



börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig verður barnið virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir.

Mikilvægi félagsfærni og sjálfsþingu er ótvíræð en í samskiptum má ekki gleyma hæfni barna til þátttöku. Huga þarf að öllum þáttum máls svo sem tjáningu og frásögn, hlustun, hljóðkerfisvitund, orðaforða, málskilningi og

myndmáli ásamt félagslegu tungumáli, áhuga og styrkleikum barna. Að geta tjáð sig með góðu móti er eitt af lykilatriðum félagsfærni.

- Þegar barn kemur í leikskólann með foreldri sínu finna þau saman útiföt fyrir daginn og koma þeim þannig fyrir að þau séu aðgengileg fyrir barnið þegar það klæðir sig út. Börnunum líður vel í útiveru þegar þau geta farið í hrein og góð útiföt sem hæfa veðrinu hverju sinni.
- Matartímarnir í leikskólanum eru skemmtilegir. Þar fara fram samræður um allt milli himins og jarðar og góð tækifæri gefast til þess að ræða um hollustu auk þess sem börnin koma á framfæri hugmyndum sínum um hvað eigi að hafa í matinn. Í leikskólanum er matur frá Skólamat og hægt er að nálgast matseðla á vef fyrirtækisins.
- Í leikskólanum stunda börnin fjölbreytta hreyfingu og útvist. Á hverjum degi leika börnin sér úti og inni, hvíla sig og slaka á. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hún hefur í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður. Allt starf leikskólans miðar að líkamlegu og andlegu heilbrigði barnanna og velferð þeirra.





„Sjálfsþingur felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Sjálfsþingur byggir á sjálfsaga og þrautseigju. Skýr og sterk sjálfsmynd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar, ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra. Sjálfsstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, líðan, námsárangur og árangur í lífinu (Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2024)“.

## Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti

Í aðalnámskrá leikskóla (2023) er lögð áhersla á lýðræði og mannréttindi, litið er á að börnin séu fullgildir þátttakendur í samfélagi leikskólans og eigi að fá tækifæri til að koma að lýðræðislegum ákvörðunum sem varða leikskólastarfið sjálft. Í leikskóla eru foreldrar, kennarar og börn samstarfsaðilar og í starfinu á að leggja áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Starf Klambra er í þessum anda því hér ríkir lýðræði þar sem hlustað er á börnin og tekið tillit til skoðana þeirra og tillagna. Á Klömbrum er litið svo á að börn séu hæfileikarík og full getu til að takast á við það flókna verkefni að móta eigið sjálf.

Í daglegu starfi er lögð áhersla á að börn beri virðingu fyrir öðru fólki, þrói með sér tillitssemi, samkennd, umburðarlyndi og vináttu. Í jafnrétti felst að ganga ekki á rétt annarra, virða rétt allra óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu og virða þar með skoðanir allra, bæði barna og fullorðinna. Mannréttindi og jafnrétti fléttast inn í daglegar venjur í leikskólanum þar sem börnin velja sjálf viðfangsefni sín, fá tækifæri til að læra hvert af öðru, hjálpast að og þróa leik sinn. Börnin eru oft í marga daga með sama viðfangsefni, t.d. endar pappakassi sem búið er að nýta í sköpun ekki líf sitt þannig því haldið er áfram að vinna með hann og skapa úr honum eitthvað annað. Byggingar eldri barnanna úr einingakubbum fá líka gjarnan að standa þar sem börnin byggja við og


leika með þær áfram. Með þessu móti læra börnin að bera virðingu fyrir verkum og vilja annarra, þau verða ábyrg gagnvart hvert öðru og læra að bera ábyrgð á eigin gjörðum.

Í leikskólanum eru börnin stöðugt að æfa jafnrétti og lýðræði. Þau þurfa að deila bæði hlutum og svæðum og þarfir þeirra eru mismunandi. Það þarf því að leysa úr ágreiningi á lýðræðislegan hátt á hverjum degi. Með auknum þroska stjórna börnin sífellt meiru hvað varðar efnivið í leik. Þau stjórna leiknum og þegar þau biðja um meiri efnivið hafa þau yfirleitt hugsað leikinn áfram og vita til hvers þau þurfa það sem þau biðja um. Oft reynir á lýðræðið þar sem börn og fullorðnir vinna saman en markmiðið er lýðræði þar sem allir geta verið virkir þátttakendur.

Barnasáttmálinn er meginstoð skólanámskrárinnar þar sem rödd barnsins er aðalatriðið. Lögð er áhersla á rétt barna til eigin skoðana og hugmynda eins og sést vel á framboði og framsetningu leikefnis í leikskólanum og hvert barn velur sér verkefni eitt og sér eða með aðstoð fullorðinna. Dagskipulag leikskólans á að tryggja að börn fái fjölbreytt tækifæri og að rödd barnanna heyrist, þ.e. að þau hafi möguleika til að ákveða verkefni og niðurstöður. Sýn okkar er að á Klömbrum séu hamingjusöm börn sem eru fær í að taka ákvarðanir og vinna út frá eigin styrkleikum.

- Við leggjum okkur fram um að auka áhrif barna á inntak, skipulag og forgangsröðun í leikskólastarfinu.
- Lögð er áhersla á frumkvæði barna.
- Nýttar eru niðurstöður rannsókna á leikskólastarfi sem miðar að því að börnin hafi áhrif og hvetjum starfsfólk til að sækja námskeið og ráðstefnur um lýðræðislegt leikskólastarf.
- Jafnréttis er gætt á öllum sviðum og vinnum að eflingu leikskólastarfs án aðgreiningar.
- Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar er fylgt eftir í starfinu.
- Á Klömbrum eflum við kynjafræðipækkingu starfsfólks með áherslu á að nýta þekkingu úr kynja- og hinsegin fræðum.

Lýðræðishugsun Klambra miðar að því að börn þroski með sér slíkt gildismat og læri á og að meta lýðræðið í gegnum starf sitt á Klömbrum. Barnasáttmálinn er meginstoð



Lýðræðisakafla skólanámskrárinnar og þar er rödd barnsins í aðalhlutverki. Lögð er áhersla á rétt barnsins til eigin skoðana eins og sést vel á framboði og framsetningu leikefnis í leikskólanum. Að því leiti miðar allt okkar starf að því að kenna börnunum sjálfshjálp og sjálfstæði. Í daglegu starfi er lögð áhersla á að börnin beri virðingu fyrir öðrum og þrói með sér tillitssemi, samkennd, umburðarlyndi og vináttu. Þau æfa tillitssemi, vináttu og samkennd í þeirri umgjörð sem leikur þeirra skapar. Þannig öðlast þau trú á eigin getu og hæfileika og geta unnið út frá sínum eigin styrkleikum. Í gegnum þessa trú má skapa grunn að sterkri sjálfsmynd einstaklings sem ber virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Á komandi skólaári mun starfsfólk Klambra halda áfram því starfi sem þegar var hafið, þ.e. að efla lýðræði í daglegu starfi.

## Sköpun

„Sköpun byggist á gagnrýninni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Að skapa er að fara út fyrir mengi hins þekkt og þar með auka þekkingu sína og leikni. Þótt sköpun í almennum skilningi sé vissulega nátengd listum og listnámi er sköpun sem grunnþáttur ekki bundin við listgreinar fremur en aðrar námsgreinar og námssvið. Sköpun sem grunnþáttur skal stuðla að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í skólastarfi

(Mennta-og menningarmálaráðuneitið, 2023).



Myndlist ,tónlist og flæði fléttast saman í innra starfinu á Klömburum samhliða því sem við brjótum upp hversdagsleikann með als kyns uppákomu. Verkefnin fæðast í ferlinu sem á sér stað hverju sinni og stýrast verkefnin af áhugasviði barna og starfsmenna. Í sköpuninni gefst tækifæri til að gera eitthvað tengist áhugasviði og flétta saman við persónulegt nám.

Til að auka tækifæri á sköpun:

- Erum við með uppbot
- Fléttum saman námsvið
- Erum með kynningu á fjölbreytilegum listum og listsköpun
- Horfum við út fyrir ramman
- Gefum okkur tíma og tækifæri til að samþætta
- Skipuleggjum námsumhverfi og dagsskipulag barnanna svo það sé rími fyrir sköpun og samþættingu



## Fastir Liðir í Starfinu og Viðburðir

- Foreldrafundur að hausti þar sem farið er yfir skipulag og áherslur skólaársins
- Aðalfundur foreldrafélags er haldin að hausti
- Vínafundir með foreldrum eru fjórum sinnum á ári, þar sem foreldrar eru boðnir velkomnir, sungið er saman auk þess sem gefin er tími til að spjalla saman.
- Jólabball barna er haldið á leikskólatíma fyrir börn
- Sumarhátíð
- Sveitaferð foreldrafélags

## Afmæli

- Afmælis kóróna
- Spari diskur
- Skykkja
- Klambra afmælisöngur á vínafundi
- Mynd

## Vínafundur

- Hefst kl. 9 á föstudögum
- Föstudagslag
- Afmælisbörn vikunnar
- Lubba lag vikunnar
- Kveðjulag



# Föstudagslagið

Lag & texti: Sigurlaug Elín Þorbjallsdóttir

♩ = 120 Swing

C G C C7 F C G7  
Hvað - u dag-ur er í dag? Hvað - u dag-ur er í dag? Það er

3 C E7 Am Dm G7 C  
fost - u - dag-ur í dag og við syng -jum fost - u - dags - lag! Það er

9 C G C C7 F C G7  
ekki - i skól-i á morg - un og það er ekki - i skól-i á hinn. Því það er

13 C E7 Am Dm G7 C  
fost - u - dag-ur í dag og við syng -jum fost - u - dags - lag! Kann-ekki

17 F C C7 F C  
hitt-umst við í sund - il! Kann-ekki klepp-um við sæt - um hund - il

21 F C D G7  
Lár-um leng-i á laug-ar-dag-inn og bók-um þenns-ur á sunn-u - dag-inn! Því

25 C G C C7 F C G7  
hvað - u dag-ur er í dag? Hvað - u dag-ur er í dag? Það er

29 C E7 Am Dm G7 C  
fost - u - dag-ur í dag og við syng -jum þetta - a fost - u - dags - lag!





## Menning – samstarf við nærumhverfi

### Tónlistarsamstarf

Tónlistarsamstarf Klambra, Stakkaborgar og Nóa borgar. Haustið 2024 var farið af stað með samstarf tónlistarkennara í þessum þremur leikskólum. Tilgangur samstarfsins er að auðga tónlistarstarf í þessum þremur leikskólum. Hugmyndir eru uppi að fara að syngja með elstu börn leikskólana í samfélagshúsi hverfisins.

Vinna saman með barnahóp þessara þriggja leikskóla í tengslum við barnamenningarhátíð. Auk þess sem hugmynd er uppi um að koma saman á þrettándanum og syngja saman varðeld á Klömbrum.



## Samstarf við Tækniskólann

Frá árinu 2022 höfum við fengið nemendur úr íslenskunámi frá Tækniskólanum í heimsókn nokkrar vikur á haustin og nokkrar vikur á vorin. Tilgangur samstarfsins er að nemendur Tækniskólans fái tækifæri á að æfa sig í íslensku ásamt því að fá innsýn í íslenskan vinnumarkað.

## Samstarf við Alþjóðanám Háskóla Íslands

Nemendur í Alþjóðanámi hjá Háskóla Íslands hafa fengið að koma í heimsókn til okkar eitt skipti á haustönn, frá árinu 2020. Þá hefur sá háttur verið á að nemendur fá fyrst kynningu um skólann og helstu opinberu umgjörð sem snýr að leikskólanum áður en þau koma í heimsókn og vinna verkefni í tengslum við námskeiðið sem þau eru í.

## Samstarf við Háteigsskóla

Frá árinu 2020 höfum við verið í samstarfi við Háteigsskóla í svokölluðu leikskólavali. Nemendur hafa þá fengið að velja leikskólann sem valgrein og hafa komið einu sinni í viku klukkustund í senn á haustönn eða vorönn.

## Atvinnutengt nám

Leikskólinn hefur einnig verið í samstarfi við Reykjavíkurborg með atvinnutengt nám sem er í boði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk með sértæka námsörðugleika. Verkefnið er hugsað til að bæta líðan nemenda, veita þeim tækifæri til að sýna hvað í þeim býr og gefa þeim möguleika á að komast út úr hefðbundnu skólastarfi hluta skólatímans. Nemandinn fær laun fyrir sína vinnu og mætir eftir samkomulagi.

## Leikskólakennaranemar

Á hverju ári hefur Háskóli Íslands leitað til okkar í þeim tilgangi að taka að okkur leikskólakennara nema. Við höfum ávallt tekið vel í það enda mikilvægt fyrir leikskólann að fá að vera þátttakendur í samtali við nema sem eru við það að útskrifast.





## Sérkennsla

Í leikskólanum Klömburum er starfandi sérkennsluteymi leitt af sérkennslustjóra sem er einnig tengiliður fjölmenningar. Sérkennslustjóri skipuleggur hvernig sérkennsluteymið kemur að sérkennslu í leikskólanum.

## Sértæk þjónusta

Ef grunur vaknar um hegðunar- eða þroskafrávik hjá barni er brugðist við . Í gegnum verkefnið Betri borg fyrir börn innleiddi Reykjavíkurborg farsældarlögin sem tóku gildi 1. janúar 2022. Markmið laganna og verkefnisins er að tryggja að börn og foreldrar sem áður þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.

Starfsfólki á vettvangi barns í leikskóla, grunnskóla, frístundaheimili og/eða félagsmiðstöð ber samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna að vera vakandi gagnvart velferð og farsæld barna. Taki starfsfólk eftir að þörfum barns er ekki mætt með viðeigandi hætti ber að bregðast strax við og koma málum í réttan farveg.

Samkvæmt lögum nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er þjónusta í þágu farsældar barna veitt á þremur þjónustustigum. Lausnateymi leikskóla telst

vera fyrsta stigs þjónusta en í því felst að veittur er einstaklingsbundinn og markvissari stuðningur með það að markmiði að tryggja farsæld barns. Markvissari stuðningur er veittur í samræmi við faglegt mat og/eða frumgreiningu á þörfum barns með gerð áætlunar um hvernig vinna skuli með mál barns í samráði leikskólans og foreldra



Í kjölfarið er forsjáraðilum bent á tengilið farsældar innan leikskólans. Foreldrar eiga alltaf að vera vel upplýstir um aðgerðir leikskólans varðandi þjálfun og nám barnsins og þeir eiga að veita upplýsingar sem skipta máli fyrir velferð þess og leikskólastarfið.



# Samstarf við foreldra

## Aðlögun

Í upphafi leikskólagöngu þarf að gefa barninu góðan tíma til að aðlagast leikskólanum. (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2024 )

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og foreldra þess. Allt er framandi og ókunnugt og því er mikilvægt að vel sé staðið að aðlögun. Hvernig til tekst í byrjun getur haft áhrif á líðan barnsins seinna í leikskólanum.

Á meðan á aðlöguninni stendur er mikilvægt að foreldrar gefi sér tíma til að kynnast starfsfólki leikskólans og því starfi sem þar fer fram. Einnig að starfsfólk kynnist foreldrum og að foreldrar kynnist innbyrðis. Í aðlögun er lagður grunnur að góðu foreldrasamstarfi.

Aðlögun á Klömbrum byggist á þeirri hugmynd að börnin og foreldrarnir séu að læra að vera í leikskólanum og nái að kynnast honum saman. Aðlögunin fer þannig fram að foreldrar eru með börnum sínum aðlögunartímamann í leikskólanum í þrjá daga og taka fullan þátt í starfseminni á meðan. Þetta form byggist m.a. á þeirri trú að foreldrar smiti eigin öryggiskennd, forvitni og spennu yfir þessum nýju aðstæðum til barna sinna. Með því að foreldrar taki fullan þátt frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi yfir dagsskipulaginu og því sem á sér stað í leikskólanum. Þeir kynnast ekki bara starfsfólki, heldur öðrum börnum, foreldrum og því sem á sér stað í leikskólanum. Markmiðið er að skapa trúnað og traust á milli foreldra og starfsfólks sem er grundvöllur fyrir áframhaldandi foreldrasamstarfi.

Nauðsynlegt er að hafa í huga að þó að aðlögunin miðist við þrjá daga þá er hver einstaklingur sérstakur og sumir gætu þurft lengri tíma með foreldrum eða styttri fyrstu daga að lokinni aðlögun með foreldrum.

- Fyrsti dagur: kl. 9:00-11:45 (borða hádegismat).
- Annar dagur: kl. 9:00-14:40 (hádegismatur + hvíld + kaffitími).
- Þriðji dagur: kl. 8:00-15:30 (morgunmatur + hádegismatur + kaffitími).
- Fjórði dagur: Foreldri kveður fljótlega og barnið heldur á vit ævintýranna.

## Foreldrasamtöl

Formleg foreldrasamtöl fara fram tvisvar á ári. Í foreldrasamtölum er farið yfir líðan barnsins í leikskólanum, þroska þess og þær áherslur sem lagðar eru í vinnu með hvern einstakling. Leikskólakennarar bjóða einnig viðtalstíma eftir þörfum ásamt því að lögð er áhersla á góð dagleg samskipti

## Foreldrafundir

Foreldrafundir eru haldnir í leikskólanum. Þar er farið yfir skipulag og starfsáætlanir leikskólans með foreldrum eða boðið uppá fræðslu um skólastarfið og þroska barna. Auk þessa geta fundirnir verið vettvangur fyrir málefni sem foreldrafélagið vill ræða. Foreldrafundirnir eru ýmist ætlaðir foreldrum einnar deildar eða allra barna í leikskólanum.

## Upplýsingar til foreldra

Upplýsingar til foreldra fara að stórum hluta fram í gegnum dagleg samskipti við starfsfólk og ekki síst þess vegna er mikilvægt að foreldrar fylgi börnunum jafnan inn á viðkomandi deild. Deildastjórar eru ábyrgir fyrir slíkum samskiptum og er foreldrum bent á að snúa sér til þeirra með margvísleg málefni sem snerta börnin og dvöl þeirra í leikskólanum. Helsti upplýsingamiðill leikskólans er heimasíðan en hana er að finna á slóðinni: **klambrar.is** þar er m.a. að finna áherslur leikskólans og námskrá. Á töflu fyrir framan hverja deild eru einnig upplýsingatöflur fyrir Lubba hljóð vikunnar, deildarstjórar og stjórnendur senda reglulega tölvupóst til foreldra.

## Foreldrafélag og foreldraráð


Á Klömbrum er starfandi foreldraráð og foreldrafélag. Kosning fer fram í september á ári hverju og er kosið til eins árs í senn. Í foreldraráði eru þrír foreldrar, formaður og tveir meðstjórnendur. Í foreldrafélagi eru þrír til fjórir foreldrar, formaður, gjaldkeri og ritari. Heimild er í lögum að hafa eitt ráð sem sinnir hlutverkum foreldrafélags og foreldraráðs.

Hlutverk foreldraráðs er:

- Að gefa umsagnir til leikskólans um áætlanir sem varða starfsemi hans.
- Að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans.

Hlutverk foreldrafélags er:

- Að stuðla að velferð barnanna í leikskólanum.
- Að efla tengsl foreldra/ forráðamanna við starfsmenn leikskólans.
- Að auka þátttöku foreldra/ forráðamanna í starfi leikskólans m.a. með árvissum viðburðum s.s. leiksyningum, sumarhátíð og opnu húsi.



## Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Elstu börn leikskólans hafa verið með í verkefninu sem heitir Skilaboðaskjóðan. Þetta verkefni er þróunarverkefni með Háteigsskóla og nágrannaleikskólunum Stakkaborg og Nóaborg. Tilgangurinn er að börnin í leikskólunum kynnist hverfisskólanum sínum og hitti börn af öðrum leikskólum sem þau eiga eftir að vera með í Háteigsskóla. Að vori förum við í heimsókn í frístund (Halastjörnuna) og fáum að sjá hvað er í boði þar.



# Innra og ytra mat

## Mat á leikskólastarfinu

Mat skal gert með hliðsjón af lögum, reglugerð og Aðalnámskrá leikskóla 2023. Mati á leikskólastarfi er skipt í ytra mat og sjálfsmat/innra mat.

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólafyrivalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Markmið mats og eftirlits er einkum þrjúþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögunum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

## Ytra mat

Ytra mat á skólastarfi er unnið á vegum utanaðkomandi aðila. Reglulega eru lagðar fyrir starfsmenn kannanir til að meta starfsumhverfi þeirra og jafnframt eru viðhorfskannanir lagðar reglulega fyrir foreldra. Niðurstöðum slíks mats er jafnan skilað til leikskólans og heildarniðurstöður birtar á heimasíðum matsaðila. Leikskólastjóri kynnir síðan helstu niðurstöður fyrir foreldraráðinu.


## Innra mat

Innra mat er framkvæmt af starfsmönnum leikskólans og er leið til að auka gæði leikskólastarfsins og gera það skilvirkara. Niðurstöður matsins eru notaðar til að þróa og bæta starfið og athuga hvort þau markmið sem leikskólinn hefur sett sér hafi náðst og er unnið jafnhliða starfsáætlun leikskólans. Í upphafi hvers skólaárs er sett upp áætlun um hvernig verði staðið að mati, hvað verði metið og hverjir taki þátt í matinu. Í þeirri áætlun er sett upp hvaða aðferðir verða notaðar til að afla gagna í matinu og hverjum niðurstöðurnar eru ætlaðar. Mikil áhersla er á að starfsfólk sé meðvitað um að vinnan í leikskólanum endurspegli aðalnámskrá og áherslur skólanámskrár. Kalla er eftir endurmati í janúar frá deildastjórum auk þess sem deildar starfsmenn vinna endurmat og leggja drög af næsta skólaári á stafsdegi að vori.

Börnin taka þátt í innra mati, þau eru spurð hvernig þeim líkar ákveðnir þættir í dagskipulaginu og unnið úr þeim niðurstöðum til að auka vægi þeirra þátta sem börnin vilja hafa í vali. Þær spurningar sem starfsfólk þarf að temja sér að nota við mat á starfinu er hvað, hvernig og hvers vegna.

Matsþættir sem við erum að vinna með á næstu fimm árum varða stjórnun, uppeldi og menntastarf, mannauð, og leikskólabrag. Hér að neðan má sjá hvaða þættir eru metnir innan hvers flokks

Viðangsefni	2024- 2025	2025- 2026	2026- 2027	2028- 2029
<b>Stjórnun</b>				
Að ná betri tókum á upplýsingaflæði	x		x	
Að fundum verði ekki frestað		x		x
Innra skipulag	x		x	
Skólanámskrá og starfspróunn	x	x	x	x
<b>Uppeldis og menntastarf</b>				
Aukinn áhersla á elstu börnin	x		x	
Endurskipulagning starfs á deildum		x		x
Verkefnastjóri fjölmenningar		x		x
<b>Leikskólabragur</b>				
Uppeldi til ábyrgðar	x		x	
<b>Innra mat</b>				
Starfsáætlun	x	x	x	x
<b>Þættir til endurmats vegna starfsáætlunar</b>				
Uppbyggingarstefnan uppeldi til ábyrgða.		x		x
Matstofa Klambra	x		x	
Þróunarverkefni	x	x	x	x
Vináttuverkefni Blær	x		x	



Gæðamálörvun í daglegu starfi	x	x	x	x
Tákn með tali		x		x
Lubbi		x		x
Tónlist og myndlist	x		x	



# Mat á þroska og líðan barna

Mikilvægt er að velta fyrir sér hvað börnum finnst hlutverk kennara vera til að við áttum okkur á sjónarhorni barnanna í leikskólanum. Rætt var við börnin á elstu deild haustið 2024. Börnin segja að kennarar eigi að vera:

Góðir

Hjálpa okkur

Hafa gaman

Segja sögur

Dans partý

Hjálpsamir þegar einhver meiðir sig

Fara í ferðir

Hjálpa þegar maður leitar til þeirra úti þegar einhver meiðir sig og maður þarf hjálp

Leikskólakennarar leggja mat á stöðu hvers barns í leikskólanum t.d. með skráningum og því að fylla út gátlista þar sem farið er yfir þroskaþætti hvers barns. Niðurstöður slíks mats eru lagðar til grundvallar í foreldraviðtölum. Auk þessa nýtir leikskólinn sér stöðluð matstæki s.s. ,TRAS sem mælir málþroska ungra barna, Íslenska þroska listann sem er ætlað að meta mál- og hreyfifærni þriggja til sex ára barna og Hljóm-2 sem mælir hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum. Auk þessa er notast við hæfniramma í íslensku fyrir fjölgtyngd börn í leikskóla. Auk þess er fylgt með félagsþroska barnanna innan barnahópsins þar sem kennarar vinna með barnahópinn í heild sinni.

## TRAS

TRAS er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. TRAS skráningarlistinn er ekki málþroskapróf heldur athugun í skráningarformi á málhegðun og málþróun hjá börnum á ákveðnum aldri. Skráningin hefst þegar barn er rúmlega tveggja ára og lýkur við fimm ára aldur. Tvisvar á ári, með sex mánaða millibili skráir leikskólakennari á skráningarblöðin svör við ákveðnum spurningum um málþroska barnanna. Hvert barn á sitt skráningarblað sem fylgir því í gegnum leikskólann. Ekki er um eiginlega fyrirlögn að ræða heldur leitar sá



leikskólakennari sem best þekkir barnið svara við spurningunum á skráningarlistanum með því að fylgjast með barninu í leik og starfi. Spurningarnar á TRAS skráningarlistanum flokkast undir þrjú færnisvið sem hvert um sig á ákveðinn lit á skráningarblaðinu.

- Samleikur, tjáskipti/ samskipti og athygli/einbeiting.
- Málskilningur og málmeðvitund.
- Framburður, orðaforði og setningamyndun.

### Markmið með TRAS skráningarlistanum er:

Að unnt sé að grípa inn í með skjóta og markvissa aðstoð ef grunur vaknar um frávik.

Að foreldrar og aðrir fullorðnir í umhverfi barns fái ráðgjöf og leiðbeiningar. Það getur dregið úr áhyggjum og gefið innsýn í hvernig best sé að hjálpa barninu.


Að reynt sé að fyrirbyggja að önnur vandamál komi upp sem tengjast því að barn hafi ekki fengið aðstoð vegna málþroskafrávik.

### Íslenski Þroskalistinn

Íslenska þroskalistanum er ætlað að meta þroska þriggja til sex ára barna með því að afla upplýsinga frá mæðrum þeirra. Mæður svara stöðluðum spurningum um mál- og hreyfifærni barna sinna á þeim tíma þegar listinn er fylltur út. Íslenski þroskalistinn er staðlaður héraendis í úrtaki 1120 mæðra barna á aldrinum þriggja til sex ára. Þeir sem hafa lokið réttindanámskeiði um Íslenska þroskalistann mega nota listann.

Staðhæfingum í Íslenska þroskalistanum, 208 talsins, er skipt niður á sex undirpróf hans: Grófhreyfingar, Fínhreyfingar, Sjálfsbjörg, Hlustun, Tal og Nám. Fjöldi staðhæfinga í hverju undirprófi er mismunandi. Flestar staðhæfingar eru í undirprófinu Nám (60 staðhæfingar) en færstar í undirprófinu Fínhreyfingar (22 staðhæfingar). Með hverju undirprófi er tiltekið þroskasvið metið.

Við staðalbundna túlkun niðurstaðna úr hverju undirprófi er summu stiga fyrir hvert undirpróf breytt í mælitölur (staðalstig). Mælitölur eru normaldreifðar. Eitt eða fleiri staðalfrávik fyrir ofan eða neðan meðaltal í slíkri dreifingu lýsir því hversu stórt hlutfall barna í stöðlunarúrtaki fær svipaða frammistöðu. Mælitölur gagnast því vel til að lýsa frammistöðu barns miðað við önnur börn. Á öllum undirprófum Íslenska þroskalistans er meðaltal mælitalna 50 og staðalfrávik 10.



Undirprófunum sex á Íslenska þroskalistanum er deilt niður á tvo prófpætti, Hreyfipátt og Málpátt. Hreyfipáttur er settur saman úr undirprófunum Grófhreyfingar, Fínhreyfingar og Sjálfsbjörg. Hreyfipáttur er mælikvarði á almenna hreyfifærni barns að mati móður. Málpáttur er settur saman úr undirprófunum Hlustun, Tal og Nám. Málpáttur er mælikvarði á almenna færni barns á málsviði að mati móður. Meðaltal hreyfi- og málpáttar er 100 og staðalfrávik 15.

Þroskatala er mælikvarði á almennan þroska barns. Þessi tala er sett saman úr öllum undirprófum þroskalistans og er því samantekt á mati móður á þroska barns. Þroskatala er yfirgripsmesta mælitala listans. Meðaltal þroskatölu er 100 og staðalfrávik 15.

## HLJÓM-2

HLJÓM-2 er aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málvitund barna í elsta árgangi leikskólans. Skimunin er framkvæmd í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu vegna lestrarerfiðleika þegar formlegt lestrarnám hefst. Slök hljóðkerfis- og málvitund er talin aðalorsök lestrarvanda hjá 88% barna (9 af hverjum 10 börnum). Undanfarna áratugi hefur mikil áhersla verið lögð á að börnum sé strax frá unga aldri boðið markvisst upp á leiki og verkefni til að örva hljóðkerfis- og málvitund þeirra og að þeim sem virðast eiga í erfiðleikum sé sinnt sérstaklega. Leikskólaárin eru því sérlega mikilvæg fyrir snemmtæka íhlutun.



## Hæfnirammur í íslensku fyrir fjöltyngd börn

Hæfnirömmum í íslensku fyrir fjöltyngd börn er fyrst og fremst ætlað að vera uppspretta fjölbreytilegs leikskólastarfs sem styður við framfarir barna í íslensku. Hæfnirammarnir voru unnir samhliða endurskoðun aðalnámskrár leikskóla fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið sem gerð var með tilliti til námsþarfa barnahópsins. Tekið er mið af mótun menntastefnu til ársins 2030 en þar er lögð áhersla á að veita framúrskarandi menntun með þekkingu, hugrekki og hamingju að leiðarljósi í umhverfi þar sem allir skipta máli og geta lært.


Vinna við endurskoðun aðalnámskrár leikskóla hófst hjá Menntamálastofnun í byrjun árs 2019. Fljótlega var ákveðið að samhliða breytingum á námskránni þyrfti dýpri umfjöllun um máltileinkun ungra barna. Því byggir endurskoðun námskrárinnar á rannsóknum síðustu áratuga á þróun málþroska ungra barna. Auk þess var stuðst við hæfniramma í námskrám annarra landa sem fjalla um tileinkun annars tungumáls og í Evrópska tungumálarammanum. Frá því vinna við endurskoðun aðalnámskrár leikskóla og þessa rits hófst hafa fjölmargir aðilar veitt ráðgjöf og rýnt skjölin og hefur hún tekið verulegum breytingum frá fyrstu drögum.


Hugtakanotkun í ritinu er sambærileg þeim skilgreiningum sem fram koma í Leiðarvísi um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út árið 2020. Það er von þeirra sem komu að vinnunni að hún skili sér fyrst og fremst í öfluggu og gleðríku leikskólastarfi þar sem fjöltyngd börn fá tækifæri til að leika með tungumálið á virkan hátt og taka reglulegum framförum í íslensku, bæði í skilningi og tjáningarfærni

## Mannauður og forystusýn

### Starfsmannahópurinn

Starfsmannahópurinn starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, lögum um málefni fatlaðra og öðrum þeim lögum sem við eiga auk Aðalnámskrár leikskóla, starfslýsinga og stefnu Skóla- og frístundsviðs Reykjavíkurborgar.





## Starfslýsingar

- Leikskólastjóri er yfirmaður leikskólans, ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á uppeldisstarfi leikskólans og sér til þess að starfsemin fari fram í samræmi við lög og reglugerðir.
- Aðstoðarleikskólastjóri vinnur ásamt leikskólastjóra að daglegri stjórnun leikskólans og að skipulagningu uppeldisstarfsins. Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra.
- Deildarstjóri ber ábyrgð á stjórnun, skipulagningu, framkvæmd og mati starfsins á sinni deild.
- Ábyrgðarmaður sérkennslu, hefur yfir umsjón með sérkennslu, situr fundi með sérfræðingum skipuleggur sérkennslu í samráði við sérkennsluteymi. Er tengiliður farsældar.
- Leikskólakennari vinnur að uppeldi og menntun barnanna og skipulagningu faglegs starfs undir stjórn deildarstjóra.

- Leikskólaleiðbeinandi A & B tekur þátt í uppeldi og menntun barnanna og skipulagningu faglegs starfs undir stjórn deildarstjóra.
- Leikskólaliði, Leiðbeinandi og Stafsmáður 2 tekur þátt í uppeldi og menntun barnanna undir stjórn deildarstjóra.



# Umsögn foreldraráðs



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

Fagskrifstofa leikskólamála

Dagsetning:

## Umsögn foreldraráðs um skólanámskrá leikskólans

Leikskóli:

Klambrar

### Samræmast áherslur skólanámskrár starfi leikskólans?

Klambra-liðsheildarandinn skín í gegn í starfi leikskólans. Andinn á leikskólanum er góður og starfsfólkið er sveigjanlegt og með lausnamiðaða hugsun. Meginstoð skólanámskrárinnar er Barnasáttmálinn þar sem rödd barnsins er aðalatriðið. Börnin á Klömbrum fá að hafa frumkvæði í leik og er vel stutt við það í daglegu skipulagi allra deilda, til dæmis með framboði og framsetningu leikefnis á skólanum. Það starfs sem fer fram á leikskólanum samræmist vel áherslum skólanámskrár.

### Er skólanámskrá aðgengileg og auðlesanleg?

Skólanámskráin er aðgengileg á vef leikskólans, er vel uppsett og auðlesin fyrir einstaklinga sem hafa góð tók á íslensku. Staðreyndin er þó sú að rúmlega 50% nemenda við skólann hafa íslensku sem annað tungumál og því má áætla að fyrir foreldra einhverra þeirra barna sé námskráin ekki jafn aðgengileg.

### Er skólanámskráin góð kynning fyrir foreldra?

Vel er sagt frá starfi og áherslum leikskólans í skólanámskránni sem verður að teljast góð kynning.

### Eru einhverjar athugasemdir við skólanámskrána?

Skólanámskráin er aðgengileg og vel upp sett, vel er farið yfir áherslur í starfinu og hvernig þær birtast í starfi leikskólans. Foreldraráðið gerir ekki athugasemdir við skólanámskrána.

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

*Herdís Helga Arnaréls*



# Heimildir

Barna- og fjölskyldustofa. (2024, 08.10). Ferill samþættingar þjónustu[netsíða] . Sótt af [Ferill samþættingar þjónustu | Barna- og fjölskyldustofa \(island.is\)](#)

Barnaheill.(2024, 08.10). Um vináttu[netsíða]. Sótt af: [Um vináttu – Barnaheill](#)

lög um leikskóla nr. 90/2008.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2023).  
Aðalnámskrá leikskóla. Reykjavík.

Jóna G. Ingólfssdóttir. (2002,19.09). Hvað er tákni með tali? Sótt af: [Vísindavefurinn: Hvað er tákni með tali? \(visindavefur.is\)](#)

Reykjavíkurborg. (2024). Látum draumana rætast.  
Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030

Reykjavíkurborg. (2024, 14.11). Atvinnutengt nám [netsíða]. Sótt af  
<https://reykjavik.is/atvinnutengt-nam>

Rjúpnahæð. (2024,08.10). Menntastefna Kópavogs. [netsíða] . Sótt af: [Námsstefna Kópavogs \(kopavogur.is\)](#)

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (1997). Reykjavík: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.